

Hvað er gegnir.is?

gegnir.is er leitarviðmót bókasafnskerfisins Gegnis, sem er samskrá íslenskra bókasafna. Í samskránni eru bækur, tímarit, tímaritsgreinar, tónlistarefni og myndefni. Allar prentaðar íslenskar bækur og íslensk tímarit eru skráð í gegnir.is. Kerfið veitir aðgang að upplýsingum um safnkost flestra bókasafna landsins, t.d. háskólasafna, almenningsafna, stjórnsýslusafna, stofnanasafna, sérfræðisafna og skólasafna á öllum skólastigum. Velja má viðmót á ensku auk íslensku.

Vefurinn gegnir.is hefur hlotið vottun frá fyrirtækinu Sjá ehf. og Öryrkjabandalaginu um að hann standist kröfur um aðgengi fyrir fatlaða.

Rekstur gegnir.is er í höndum Landskerfis bókasafna hf.



Samskrá íslenskra
bókasafna á vefnum



Að leita í gegnir.is

Leita Ítarleg leit Skipanaleit Niðurstöður Fyrri leitir Listi

SKRIFAÐU LEITARORÐ

Höfundalisti A-Ö Títalisti A-Ö Efnislisti A-Ö eða Orðaleit

Leita miðast við að leitað sé að tilteknu orði. Hægt er að slá inn eitt eða fleiri leitarorð og verður niðurstaðan nákvæmari eftir því sem fleiri orð eru notuð.

Flettilistar A-Ö sem staðsettir eru undir leitarglugga, gera kleift að fletta upp höfundi, titli eða efnisorði í stafrófsröðuðum lista.

Ítarleg leit er notuð til að leita eftir samsettum skilyrðum þar sem takmarka má leitina við útgáfuár, tungumál, útgáfuform og tiltekið bókasafn.

Skipanaleit byggir á því að slegnir séu inn leitarstrengir með kóðum.

Með því að smella á *Velja safn* er hægt er að takmarka leit við ákveðið safn eða efni, t.d. námsritgerðir.

Niðurstöður

Leitarniðurstöður birtast í lista með upplýsingum um útgáfuform, nafn höfundar, titil og útgáfuár.

Í niðurstöðulistanum er hægt að gera eftirfarandi:

- raða niðurstöðum eftir höfundi, titli eða útgáfuári í hækkandi og lækkandi tímaröð.
- *smella á brennja leit*, og fækka þannig niðurstöðum.
- setja valdar færslur á lista með því að velja þær og smella á *Setja á lista*.
- *Prenta* út niðurstöður af síðunni. Til að prenta allar leitarniðurstöðurnar þarf að velja *Merkja allar færslur* og síðan *Setja á lista*.
- senda valdar færslur í tölvupósti eða vista þær í tölvunni með því að smella á *Vista/sendu*.
- fá nánari upplýsingar um titilinn með því að smella á hann.
- sjá hvaða söfn eiga eintök af titlinum með því að smella á titilinn og síðan á *Smelltu hér til að sjá upplýsingar um eintökin*. Staðsetning eintakanna sést og einnig skiladagur þeirra eintaka sem eru í útláni. Innskráður notandi getur sett inn frátektaþeirri á eintak (*Taka frá*) ef öll eintök safns, sem hann hefur lánþegaheimild í, eru í útláni.

Að búa til lista

Í gegnir.is er hægt að búa til heimildalista sem má vista, prenta út eða senda í tölvupósti. Haka þarf við valdar niðurstöður og smella á *Setja á lista*. Listinn er aðgengi- legur undir flípanum **Listi**.

Innskráning

Til þess að skoða upplýsingar um útlán, endurnýja útlán, taka frá efni og panta efni í millisafnaláni þarf notandi að vera innskráður. Starfsfólk bókasafna úthlutar notandanafni og lykilorði.

Mínar síður

Innskráður notandi getur séð lista yfir útlán sín, útlánasögu, frátektir, greiðslur, og millisafnalána- beiðnir. Við innskráningu birtast notandaupplýsingar tengdar því safni sem skilgreint er sem heimasafn notanda. Einnig er hægt að velja annan safnahóp. Undir *Stillingar* er hægt að stilla fjölda niðurstaðna á síðu og velja tungumál viðmóts. Lykilorði er breytt undir *Mitt lykilorð* og lánþegaupplýsingum, t.d. heimilisfangi, símanúmeri og netfangi er breytt undir *Mínar upplýsingar*.

Millisafnalán

Lánþegar háskólasafnanna geta pantað efni sem ekki er til í þeirra safni í millisafnaláni. Reglur og gjaldskrá geta verið mismunandi eftir söfnum.

Aðstoð

Nálgast má frekari leiðsögn um gegnir.is með því að smella á *Hjálp* eða tákni með spurningarmerki.

Starfsfólk bókasafna veitir frekari upplýsingar um notkun á gegnir.is.

